

Nd.

354. Frumvarp

til laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. Um eftirlit með skipum og bátum.

1. gr.

Hver sá maður eða fjelag, sem gerir út skip til mannflutninga, vöruflutninga eða fiskiveiða hjer við land, sje það svo stórt, að það sje lögskráningarskylt samkv. 75. gr. siglingarlaganna, og skipshöfnin hafi aðsetur um borð í því, skal láta skoða skipið af þar tilkvöddum mönnum, áður það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má skipið ekki leggjja út fyr en skoðunargerð hefur fram farið eftir lögum þessum.

Skipstjóra skal skylt að sjá um, að skoðun þessi fari fram.

2. gr.

Nú vanrækir skipstjóri að sjá um að lögleg skoðunargerð sje framkvæmd, án vitundar útgerðarmanns, og leggur hann út á skipinu óskoðuðu, skal hann fyrir það sæta sektum samkv. 14. gr., en sje það á vitund eða með vilja útgerðarmanns, að skoðun hafi verið vanrækt, skal hann greiða sektina.

Farist skip, sem lögleg skoðunargerð hefir ekki verið framkvæmd á, eða því hefur hlekt á, svo tjón hefir afhlotist, og líkur eru til að tjónið stafi af óforsvaranlegum útbúnaði, er útgerðarmaður skaðabótaskyldur þeim, er fyrir tjóni varð, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna.

3. gr.

Skoðunin skal að jafnaði fram fara, þegar skipið er tómt, ef því verður við komið, áður en varningur er látinn í það, svo að skoðunargerðin geti jafnt fram farið innanborðs sem utan. Sjeu skoðunarmenn ókunnugir skipi því, er skoða á, eða þeir telja uggvænt um, að skipið sje í góðu standi neðansjávar, er þeim heimilt, eftir atvikum skylt, að heimta að skipið sje sett á land. Beri skoðunarmenn ekki fultskyn á einhver þau atriði, er að skoðunargerðinni lúta, svo sem um ástand vjelarinnar, skulu þeir tilkynna það lögreglustjóra, er þá skipar 1 eða fleiri menn þeim til aðstoðar, í þeim tilfallum, sem þörf er á slíkri aðstoð.

Skoðunarmenn framkvæma skoðun sína eftir því, sem lög þessi mæla fyrir, og samkvæmt þeim reglum, er settar verða með konunglegri tilskipun, samanb. 10. gr. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma skoðunargerð sína eftir bestu vitund og þekkingu, þannig að þeir geti unnið eið að henni, hvenær sem krafist verður.

Skoðunargerðin skal jafnan framkvæmd af tveim skoðunar mönnum, en verði ágreiningur þeirra á milli, skipar lögreglustjóri oddamann.

Að skoðunargerðinni lokinni, senda skipsskoðunarmennirnir ráðningarstjóra brjeflega skýrslu um hana, og getur útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar krafist að þeir staðfesti skýrsluna með drengskaparheiti. Svo getur og útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar heimtað yfirskoðun. Skulu yfirskoðunarmenn vera 3, og vera skipaðir af lögreglustjóra fyrir hvert einstakt tilfalli. Skal úrskurður þeirra um ástand skips og útbúnað þess vera fullnaðarúrskurður. Kostnað allan við skoðunargerðina greiðir gerðarbeiðandi.

Ráðningarstjóri gerir lögreglustjóra viðvarð um þau skip, sem hann hefir látið menn á, og sem kunna að hafa lagt út, en enga eða ófullnægjandi skoðunargerð sent.

Finni skoðunarmenn þá galla á skipi eða útbúnaði þess, er vanheimila samkv. lögum þessum eða tilskipunum, er settar kunna að verða, að skipið sje notað til siglinga eða fiskiveiða, mega þeir ekki láta úti skoðunarskýrslu, fyr en þeir ganga úr skugga um, að viðunanlega sje úr bætt.

Skoðunargerðin skal framkvæmd strax eftir að um hana hefir verið beðið af skipstjóra eða útgerðarmanni, svo framarlega sem gild forföll ekki hamla skoðunarmönnum.

Tefji þeir skip að nauðsynjalausu með því að framkvæma ekki skoðunargerðina, eða með því að gefa ekki skýrslu um hana, að ástæðulausu, getur útgerðarmaður komið fram ábyrgð á hendur þeim fyrir það fjártjón, er hann kann að bíða við það, að skipið hefir tafist fyrir þeirra vanrækslu í þessu efni.

4. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi á landinu skulu vera svo margir skipsskoð-

unarmenn, sem þurfa þykir, og skoða þeir öll skip, sem gerð eru út eða hafa aðsetur í umdæminu.

Lögreglustjóri ákveður, hve margir skoðunarmenn skuli vera og útnefnir þá. Skulu þeir vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo vel hæfir til starfsins, sem föng eru á.

Nú er innan hjeraðs þess eða kauptúns, þar sem skipa skal skoðunarmenn, skipaábyrgðarfjelag eða sjómanna, og skulu þá nefnd fjelög mega stinga upp á helmingi fleiri skoðunarmönnum, en útnefna á, þannig, að fjelög þessi stingi upp á jafn mörgum hvort. Sje að eins eitt slíkt fjelag til, hefir það ekki uppástungurjett, en þá hafa í kaupstöðum bæjarstjórnir rjett til að tilnefna helmingi fleiri skoðunarmenn en útnefna á.

II. Ákvæði, er gilda um öll skip og vjelarbáta, sem eiga heimili á Islandi.

5. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef skipsskrokk, útbúnaði skips, vjel eða vjelartækjum eða skipshöfn er svo áfátteða, skip er svo ofhlaðið eða vanhlaðið, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að álita verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sje að vera í förum með því, en venjulegt er við siglingar.

6. gr.

Útgerðarmanni er skylt að sjá um, að óhaffært skip sje eigi haft í förum.

Áður lagt er á stað annast skipstjóri um, að skip sje haffært, hann sjer og um, að það sje hæfilega vel útbúið til ferðarinnar, nægilega ment og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf, kol og aðrar vjelanauðsynjar, ef það er gufuskip. Honum er og skylt, að annast um, að skipið hafi meðferðis þau bendingaáhöld, björgunartæki, sjóbrjef og siglingaverkfæri, sem með þarf. Hann skal einnig sjá um, að fermsla skipsins sje í alla staði hæfileg.

Ákvæðin í 5. og 6. gr. ná einnig til vjelarbáta, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

III. Ákvæði um skip, sem eru í förum milli landa.

7. gr.

Nú á skip að ganga landa á milli, eða gufuskip rekur veiðar utan landhelgi, og skal þá fullnægt þeim almennu kröfum, sem settar eru eftir alþjóðlegum rjetti um öryggi skipa, einnig að því leyti, sem við kemur öllum útbúnaði skips, björgunartækjum þess, siglingaverkfærum og fermslu, alt eftir því, hvort skipið er ætlað til fólksflutnings, vöruflutnings, veiða eða annars.

8. gr.

Eftir 1. janúar 1913 skulu skip, sem eiga að vera í förum milli landa, vera með hleðslumerki, samkvæmt reglum, sem nánara verða ákveðnar í kon-

unglegri tilskipun. Kostnaðurinn við þetta greiðist af útgerðarmanni. Stjórnarráðið getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sjerstaklega stendur á.

Stjórnarráðið hefir og heimild til, ef nauðsynlegt þykir, að gera samninga um útgáfu hleðslumerkis-skirteina handa íslenskum skipum, við þau dönsk stjórnarvöld eða flokkunarþjelög erlendis, sem hafa heimild til að gefa út slík skirteini.

Hleðslumerkið sýnir, hvað skipið má liggja dýpst í sjó í logni. Ef skip er hlaðið svo, að það liggur dýpra, ber að skoða það ótrygt og geta þá hlutaðeigandi yfirvöld bannað því að halda ferð áfram, þar til er úr bætt.

9. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd reglna þeirra, sem settar eru í 3. og 4. gr., og um umsjón með, að þeim sje hlýtt, má setja í konunglegri tilskipun.

IV. Ákvæði um skip, sem eru í förum innanlands, og um vjelarbáta.

10. gr.

Með konunglegri tilskipun skal setja ákvæði um, hvaða öryggisreglur skuli gilda um þilskip (vjelaskip eða seglskip), sem eru í förum með ströndum Íslands eða stunda fiskiveiðar við Ísland, og hvers skoðunarmenn þeir, er ræðir um í lögum þessum, eigi að gæta og skuli krefjast, áður en skip má leggja út, svo lifi manna og heilsu sje eigi frekari hætta búin á skipinu, en alment er samfara sjóferðum þeim, sem skipinu eru ætlaðar.

Í sömu tilskipun skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í herbergjum skipverja, svo og annan útbúnað þeirra, að því er snertir birtu, loftrás og aðra hollustu-hætti. Reglur þessar ná þó ekki til skipa, sem eru minni en 15 tons, eða sem skipshöfnin ekki hefir fast aðsetur um borð i, en liggur i landi á nóttum.

Í sömu tilskipun skal ákveðið gjald það, er skoðunarmönnum ber fyrir starfa sinn, svo og yfiskoðunarmönnum. Má það vera mismunandi eftir stærð skipa og fyrirhöfn.

Eigi má þó gefa slíka tilskipun út, fyr en fengið er álit stjórnenda Samábyrgðar og Fiskiveiðafjel. Íslands, og má hún eigi í verulegum atriðum vera strangari en þessi þjelög telja hyggilegt fyrir sjávarútveginn.

11. gr.

Með sömu skilyrðum má einnig með konunglegri tilskipun setja öryggisreglur fyrir vjelarbáta og þilskip minni en 15 tons.

Um báta þessa má einnig ákveða í tilskipuninni, að vjelina skuli skoða árlega, annaðhvort af sjerfróðum manni, sem skrásetningarstjóri tilnefnir, eða af manni, sem stjórnarráðið löggildir til þess, og fær hann þá þóknun fyrir skoðunina, sem ákveðin er í tilskipuninni. Gjald fyrir skoðun greiðist af útgerðarmanni og hefir lögtaksrjett.

Það er tilgangur eftirlitsins að veita þeim, sem það varðar, ábyggilegar skýrslur um ástand vjelarinnar og veita eigandanum leiðbeiningar sjerfróðs manns. Skoðunarmaður skal svo fljótt, sem því verður við komið, senda skoðunargerðina eiganda, lögreglustjóra og innlendum ábyrgðarfjelögum, sem báturinn er váttrygður hjá og þess kunna að óska. Í tilskipuninni skal svo ákveða, að skoðun falli burtu, ef hlutaðeigandi váttryggingarfelag lætur árlega skoða vjelar á þann hátt, sem stjórnarráðið telur tryggan.

V. Ýmisleg ákvæði.

12. gr.

Ef skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenskri höfn, er talið ósjófært, getur lögreglustjóri heft burtförina til bráðabirgða með úrskurði, rökstuddum með álitni tveggja, tilnefndra, sjerfróðra, óvilhallra manna, er fengið skal svo fljótt sem auðið er. Þessum úrskurði má áfrýja til stjórnarráðsins; skal það leggja fullnaðarúrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

13. gr.

Nú er skip eða bátur, þar með talin þilskip og vjelarbátar til vöru-
flutninga eða fiskiveiða, ekki fær til þeirrar farar, sem ætlað er, og skipstjóri eða formaður vanrækir að sjá um, að úr sje bætt, og getur skipshöfnin þá krafist fararleyfis úr skiprúmi. Þegar meiri hluti skipshafnar krefst þess, er skipstjóri eða formaður skyldur til að láta fram fara löglega skoðunargerð á skipi eða bát, um það, hvort það sje ferðafært. Enn fremur skal skoða vjela-
ina, þar sem því má við koma, ef vjelarstjóri krefst þess. Synji skipstjóri eða formaður þessarar skoðunargerðar, er skipshöfn heimil brottför úr skiprúmi.

Ef skipshöfn fer úr skiprúmi af þessum ástæðum, fær hún kaup fyrir þann tíma, er hún var í skiprúmi, og að auki mánaðarkaup, nema því að eins, að skipshöfn hafi verið ráðin gegn hlut í afla, en þá er eigi afturkrælt það, sem útgerðarmaður kann að hafa greitt henni fyrir fram eða um of.

Ef svo reynist við skoðunargerð, að kærur um, að skip eða bátur sje óhælfært, eiga við engin sennileg rök að styðjast, þá skal sá, sem skoðunar hefir beiðst, greiða allan þann kostnað og tjón, er af henni hlýst.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. greinar varða sektum frá 100 til 2000 krónum. En brot gegn öðrum varúðarreglum, sem settar eru í lögum þessum, svo og vanræksla skoðunarmanna á skyldustörfum þeirra, varða sektum allt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga, frá 3. okt. 1903.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.